

## Minnisblað

### Minnisblað um stofnvegi að höfnum í grunnneti



#### 1. Hafnir í grunnneti.

Grunnnet samgangna er skilgreint í 15 ára samgönguáætlun hverju sinni. Þær hafnir teljast til grunnnets samgangna sem um fara árlega meira en 10 þúsund tonn af vörum eða þar sem landað er meira en 8 þúsund tonnum af sjávarafli, auk ferjuleiða og viðkomandi ferjuhafna. Í samgönguáætlun er síðan greint frá þeim höfnum sem teljast til grunnnetsins.

#### 2. Reglur um ákvörðun þjóðvega að hafnarsvæðum.

Eftirfarandi viðmiðunarreglur hafa gilt um ákvörðun þjóðvega að hafnarsvæðum:

- Þjóðvegir (stofnvegir) ná að hafnarsvæðum í grunnneti og að ferjubryggjum.
- Þjóðvegur endar við tengingu hafnarsvæðis samkvæmt aðalskipulagi eða í skilgreiningu hafnarsvæðis samkvæmt hafnarreglugerð viðkomandi hafnar.
- Einungis er gert ráð fyrir einni tengingu að hafnarsvæði sem er samfelld samkvæmt aðalskipulagi eða reglugerð.
- Ef hafnarsvæði er tví- eða margskipt samkvæmt skipulagi eða reglugerð er þjóðvegur að hverju svæði fyrir sig.

#### 3. Stofnvegur að Seyðisfjarðarhöfn

Í hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarhöfn nr. 275/2007 er hafnarsvæði Seyðisfjarðarhafnar skilgreint á eftirfarandi hátt:

*Hafnarsvæði á landi er frá Grýtá að norðan, allt svæði sjávarmegin Vestdalseyrarveggar og Ránargötu að lóð Fjarðargötu 1. Þá tilheyrir ferjubílastæði við Fjarðargötu höfninni og allt svæði austan Lónsleiru frá Fjarðargötu að Hafnargötu. Þaðan áfram svæði sjávarmegin Hafnargötu og Strandveggar allt að Grjótgördum að sunnan.*

Í hafnarreglugerðinni er allt svæðið sjávar megin Vesturdalseyrarveggar, Ránargötu, Lónsleiru, Hafnargötu og Strandveggar skilgreint sem hafnarsvæði. Stofnvegur ætti því að tengjast svæðinu á einum stað.

Seyðisfjarðarvegur sem er stofnvegur tengist ferjuhöfninni við Lónsleiru frá Vesturvegi, til norðvesturs eftir Ránargötu og inn á Fjarðargötu og Öldugötu að Lónsleiru. Vegna einstefnuaksturs sem er á Lónsleiru við komur og brottfarir Norrænu tengist síðan stofnvegurinn aftur til baka að Vesturvegi eftir Lónsleiru og Austurvegi.

Með þessari tengingu við ferjuhöfnina er komin tenging inn á skilgreint hafnarsvæði fyrir Seyðisfjarðarhöfn.